



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sandgerðisbær  
Guðfinnur G. Þórðarson,  
byggingarfulltrúi  
Tjarnagötu 4  
245 Sandgerði

Reykjavík, 24. október 2005


Tilvísun: UST20051000113/6aj


**Deiliskipulag Hólahverfis í Sandgerðisbæ**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Sandgerðisbæjar þar sem óskað er eftir umsögn um drög að deiliskipulagi Hólahverfis í Sandgerðisbæ. Um er að ræða 49 lóðir, þar af 36 einbýlishúsalóðir, 9 parhúsalóðir og 4 raðhúsalóðir. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er innan Sandgerðisbæjar og er það hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá. Svæðið er ekki á náttúruverndaráætlun og þar eru ekki jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Af þeim gögnum sem Umhverfisstofnun bárust má ráða að ekki séu líkur á að bygging íbúðarhúsa í Sandgerðisbæ muni raska náttúruminum. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Þorsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun